Reykjavík, 17. nóvember 2026
USK26100115


**Krummahólar 6 – Byggingarleyfisumsókn**

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. október 2026 þar sem sótt er um að koma fyrir djúpgámum við fjölbýlishús á lóð nr.6 við Krummahóla,



*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*


*Deiliskipulag/ Hverfisskipulag.*



*Annað*

**Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin í Krummahólum 6 borgarhluta 6. breiðholt og er hluti af íbúðarsvæði.

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfiskipulag fyrir Breiðholt, sem tók formlega gildi 4. maí 2022 með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda. Krummahólar 6 eru hluti af skilmálaeiningu 6.3.2.

**Umsögn**

Umsögn þessi er vegna byggingarleyfisumsóknar. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því að koma fyrir djúpgámum á lóðinni.

Húsið á lóð nr. 6 við Krummahóla er fjölbýlishús byggt árið 1976. Á lóðinni er einnig að finna bílskúr sem byggður var árið 1977.

Eins og framkom í svari við fyrirspurn um erindi USK25080322 dagsett 14.október 2025 þá er heimilt að koma fyrir djúpgámum innan takmarkaðs byggingarreits.

Einnig kom fram í umsögn Skrifstofu umhverfisgæða vegna málsins að það þyrftu að fylgja með uppdrættir sem sýna akstursleiðir og stöðu hirðubíls við losun gáma. Einnig eru gámarnir háðir samþykki borgarinnar. Hönnuður þarf að fara eftir Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík og Hönnunarviðmið um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík.

https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-04/honnunarvidmid-um-urgangslausnir-vid-ibudarhusnaedi-i-Reykjavik.pdf

Reykjavík

Ekki er sýnt á teikningum fyrirhuguð akstursleið hirðubíls. Sýna þarf fram á að beygjuradíus að hirðustaðnum sé raunhæfur.

Einnig er bent á að á þeim stað þar sem fyrirhugað er að koma gámum fyrir liggur kaldavatnslögn. Eins og fram kemur í Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík þurfa lagnir að liggja 3 metrum frá gámum neðanjarðar. Eigendur Krummahóla 6 þurfa því að láta færa þessa lögn á eigin kostnað. Sjá skjáskot af lögnum við húsið tekið af borgarvefsja.is.




Leitast var eftir afstöðu Skrifstofu umhverfisgæða að nýju þar sem tegund gáma og fyrirkomulag sorplausna er háð þeirra samþykki.

Þar kemur fram:

Gámarnir á myndinni uppfylla **ekki** kröfur Reykjavíkurborgar.

Upphífingarbúnaður skal vera tvær lykkjur móti hvorri annarri („two loops parallel“) skv. ÍST EN 13071-3. Fjarlægð, d, milli lykkja skal vera 140 mm.

Bent er á gátlista G4 í hönnunarviðum til leiðbeiningar.

https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-04/honnunarvidmid-um-urgangslausnir-vid-ibudarhusnaedi-i-Reykjavik.pdf

Gámarnir þurfa að vera aðgangsstýrðir.

Fjöldi gáma skal gera ráð fyrir minnst 5 úrgangsflokkum.

Sýna þarf fram á akstursferla þannig að öruggt sé að bíllinn komist að og frá gámum. Þessi staðsetning virðist þröng og erfitt að komast að.

Hægt væri að hafa gámana í einfaldri röð með því sem þarf til flokkunar og bíllinn gæti stöðvað þar sem ekið er í kjallarann.

Reykjavík

**Niðurstaða**

- Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir að að koma djúpgámum fyrir innan lóðar og er það í samræmi við umsögn Skipulagsfulltrúa dags. 14.október 2025 við fyrirspurn.
- Vakin er athygli á því að byggingarleyfisumsókn virðist ekki uppfylla Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík og Hönnunarviðmið um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík